



VEITU- OG FRAMKVÆMDANEFND HRUNAMANNAREPPS

19. fundur Veitu- og framkvæmdanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 25. ágúst kl. 15:30 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Mættir eru: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Kolbrún Haraldsdóttir. Auk þeirra þau: Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Gunnþór K. Guðfinnsson, yfirmaður eignasjóðs, þjónustumiðstöðvar og úrgangsmála og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Í upphafi fundar lagði formaður fram dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður nr 5, umsókn um kalt vatn í Birtingaholti, nýbýli. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

1. Skoðunarferð í Heilsugæslu og lyfsölu.

Framkvæmdir ganga vel og allt útlit fyrir að framkvæmdum muni ljúka tímanlega þannig að skil á húsnæðinu til sveitarfélagsins geti átt sér stað í síðasta lagi þann 18. september. Framkvæmdir við lyfsölu eru að hefjast en búið er að tæma rýmið og beðið er eftir aðila til að flota gólfíð.

2. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – yfirmaður eignasjóðs.

Íþróttamannvirki – infra-rauði klefinn var settur upp á sundlaugarsvæðinu í byrjun sumars og notkun hans hefur gengið vel. Eftir er að ganga frá svæðinu sunnan við húsið og verður það gert á næstunni. Lyfta er komin í íþróttahúsið en uppsetning hennar bíður þar til um hægist á öðrum stöðum.

Félagsheimilið – ráðhús og bókasafn – þar hefur verkið dregist vegna veikinda. Framkvæmdir eru að fara á fullan gang aftur og góðir möguleikar á að verkinu ljúki innan skamms, þar verður efri hæðin á undan þeirri neðri. Lyftan er komin austur en uppsetningarteymi mun mæta hingað í lok mánaðar ef allt gengur eftir.

Salerni Flúðaskóla – verkinu er lokið nema lagning gólfefna býður betri tíma.

Félagsmiðstöðin í Flúðaskóla – verkinu er að mestu lokið enda starfsemi að hefjast. Eftir er þó að ganga frá ýmsu smálegu og verður það gert á allra næstu dögum.

Leikskólinn Undraland – leikskóladeild verður opnuð í Akurgerði 6 en starfsemi þarf ekki að hefjast fyrr en í byrjun næsta árs en mikilvægt er að gengið sé frá girðingu, vagnageymslu/leikfangageymslu og leiktækjum fyrir veturinn. Einnig var húsnæði leikskólans málað og gólfdukur þrífinn og bónaður.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "ÆRS", "Bv", "DAS", "MA", and "Cec".

Gámasvæðið – rampar eru komnir upp en þar á eftir að staðfesta kaup á girðingu og hliði sem verður gert á næstu dögum. Malbikun svæðisins hefur verið frestað til næsta árs.

Útlit hringtorganna – enn á eftir að ræða við golfklúbbinn og Vegagerðina um mögulegar framkvæmdir og endurbætur á útliti hringtorgsins við Selsveg/Bræðratunguveg.

Kjallari Hrunamannavegar 3 – búið er að leggja gólfefni og útbúa salerni og skrifstofuaðstöðu. Beðið er upplýsinga um staðsetningu á hillum svo hægt sé að staðsetja ljós í rýminu og þar með verður það tilbúið.

Skáli í Svínárnesi – framkvæmdir við uppsetningu hússins eru í fullum gangi. Stefnt er að verklokum í haust og að fjallmenn geti nýtt húsið í leitum í haust.

3. Yfirlit yfir stöðu framkvæmda – veitustjóri.

Gatnagerðarframkvæmdir – stefnir í að malbik verði lagt á lðjuslóð, Garðastíg og Ljónastíg eftir réttir (15. september) og undirbúningur á lokastigi. Röðulstangi verður klár undir malbik á sama tíma en þar mun annar yfirborðsfrágangur bíða næsta árs.

Vatnsveita - skipt hefur verið um stofn í Ásabyggð og þar með má segja að fyrsti áfangi Blákvíslarveitu sé hafinn. Einnig hefur verið skipt um kaldavatnsstofn í lðjuslóð og lagðar nýjar heimtaugar.

Kópsvatn – búið er að einangra og klæða gufuskiljuna og fellur hún nú fallega að umhverfi sínu.

Svelgur í Högnastaðaás – framkvæmdum er lokið við úrbætur í Högnastaðaásnum sem koma eiga í veg fyrir flóð úr ásnum í rigningartíð.

4. Kostnaðarmat frá Gröfutækni í gerð göngustígs frá Byggð á Bríkum.

Lagt fram kostnaðarmat frá Gröfutækni í gerð göngustígs frá Byggð á Bríkum að miðsvæði Flúða. *Samþykkt samhljóða að leggja til við sveitartjórn að gerð göngustígs verði sett á fjárhagsáætlun ársins 2026.*

5. Umsóknir um kalt/heitt vatn.

Umsókn hefur borist um tengingu við kaldavatnsveitu sveitarfélagsins frá eigendum nýbýlis í Birtingaholti þar sem til stendur að byggja pökkunarhús vegna grænmetisræktunar auk íbúðarhúsnæðis. Umbeðin notkun er 3 l/sek.

Samþykkt samhljóða að starfsemin verði tengd við kaldavatnsveituna þegar umrædd hús hafa verið byggð á staðnum.

Umsókn hefur borist um tengingu við heitt og kalt vatn að Reykjabakka.

Nefndin bendir á að um leið og byggingaleyfi hefur verið samþykkt á umræddri lóð og framkvæmdir teljast hafnar þá verður lagt bæði heitt og kalt vatn að húsunum í samræmi við reglur þar um.

6. Minnisblað frá sveitarstjóra um samgöngumál og vetrarþjónustu og gögn frá íbúum v. Hrunavegar.

Í minnisblaðinu er fjallað um nauðsyn á aukinni vetrarþjónustu á Skeiða- og Hrunamannavegi ofan við Flúðir en sá vegur er að öllum líkindum eini stofnvegur landsins sem er einungis mokaður tvisvar sinnum í viku. Einnig var þar fjallað um mikilvægi þess að ráðist verði í úrbætur frá malbiksenda við Hruna og að Laugaafleggjara en grófir útreikningar á þeim vegbótum liggja fyrir. Minnisblaðið var kynnt á fundi Innviðaráðherra með Sunnlendingum nýverið og verður sent þingmönnum og Vegagerðinni.

WA  BV
DGS EES
 CKA

Lagt fram til kynningar en nefndin leggur áherslu á að þessum málum verði fylgt fast eftir.

7. Ýmis erindi frá íbúum sem þarfnast umfjöllunar og umræðu.

Erindi vegna reiknings vegna sorpförgunar á húshlutum.

Nefndin telur eðlilegt að greitt sé fyrir veitta þjónustu og hafnar því að reikningurinn verði felldur niður.

Erindi vegna Grafarbakkaveggar.

Lagt fram til kynningar en málið verður skoðað betur fljótlega.

Erindi vegna Kvenfélagsherbergisins.

Miklar framkvæmdir eiga sér nú stað í húsinu og ljóst að áfram verður að halda í þeim efnum. Um leið og þakkað er fyrir erindið þá telur nefndin ekki rétt að félagið greiði fyrir endurnýjun glugga í húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Málinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

Erindi vegna mögulegs göngustígs frá Mýrarstíg og að miðbæ Flúða.

Erindinu er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar en talið er að mögulegt sé og einfalt að búa til tengingu á þessum stað við Garðastíg.

Erindi varðandi viðhald Hvammsveggar.

Erindi hefur borist varðandi vegheflun umrædds veggar og viðhald.

Nefndin felur sveitarstjóra og yfirmanni eignasjóðs að ræða við bréfitara í ljósi umræðna á fundinum.

Erindi varðandi hreinsun skurða við Flatholt.

Erindi hefur borist varðandi skurði í kringum hesthúsaferfið þar sem þeir eru orðnir fullir af gróðri og drullu.

Veitustjóri mun kanna málið þar sem verkið fellur undir fráveituna.

8. Verkfundargerðir

a. Röðulstangi – gatnagerð – frá 25. júní 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar

Röðulstangi – gatnagerð – frá 30. júlí 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar

Röðulstangi – gatnagerð – frá 20. ágúst 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar

b. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 24. júní 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar

c. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 9. júlí 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar

d. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 29. júlí 2025

Fundargerðin lögð fram til kynningar

e. Hrunamannavegur 3 – heilsugæsla frá 14. ágúst 2025

-ásamt fundargerð frá FSRE

Fundargerðin lögð fram til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Bjarney Vignisdóttir
Eir E. Sýslason



Dattí Geir Samuelsson

KOLBRINN HARALDSDÓTTIR

Ólafur Guðmundsson

Guðmundur E. Guðmundsson